Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

29. apríl 2020

Reglugerð um strandveiðar fiskveiðiárið 2019/2020

Landssamband smábátaeigenda gerir alvarlega athugasemd við reglugerð 364/2020 sem þér undirrituð 22. apríl sl. og birtist í Stjórnartíðindum samdægurs. LS fer þess á leit að sundurgreining botnfisks verði felld út.

Greinargerð

Í reglugerðinni er breytt veigamiklu atriði sem sátt hefur ríkt um frá upphafi strandveiða. Í stað þess að afli til viðmiðunar sé miðaður við fjölda tonna samtals af óslægðum botnfiski er magnið nú sundurliðað í þorsk, ufsa og karfa.

Breytingin felur í sér skerðingu á aflaviðmiðun til strandveiða og þar með veiðirétti þeirra sem þær stunda.

Texti reglugerðar um strandveiðar þar sem heildarafli er skilgreindur hefur verið óbreyttur í áratug [2010 – 2019]. Ákvörðun um það var á sínum tíma tekin eftir nákvæma skoðun og niðurstaðan m.a. rökstudd með því hversu samsetning afla gæti verið breytileg.

Á tímabilinu hafa ýmsar breytingar verið gerðar á fyrirkomulagi strandveiða og reglugerð því komið til endurskoðunar. Það hefur þó ekki leitt til að hróflað hafi verið við ákvæðinu. Fyrir réttu ári var lögum breytt þar sem ákveðið var að ufsi teldist ekki til hámarksafla hverrar veiðiferðar. Í framsögu formanns atvinnuveganefndar við frumvarp að breyttum lögum kom skýrt fram að ufsinn ætti að vera til viðbótar þeim 11 þúsund tonnum sem kæmu til strandveiða. Reglugerð um strandveiðar fiskveiðiárið 2018/2019 staðfesti þann skilning. Heildarafli til strandveiða 11.100 tonn af óslægðum botnfiski, sem gat þess vegna allt verið þorskur.

Verði reglugerðin óbreytt verður Fiskistofu skylt að stöðva strandveiðar þegar veiði hefur náð 100 tonnum af karfa eða 1.000 tonnum af ufsa og síðast en ekki síst 10.000 þúsund tonn af þorski. Það fyrstnefnda væri ekki til framdráttar fyrir fiskveiðistjórnunarkerfið - miður júlí og karfaaflinn dottinn yfir 100 tonn. Strandveiðum 2020 lokið á þeim degi. Sundurgreining lokar á nauðsynlegan sveigjanleika.

Virðingarfyllst

Þorlákur Halldórsson formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri